

Verkefnin og framtíðin.

Smári Haraldsson stjórnarformaður.

Eins og fram kemur í fyrirbyggjandi ársskýrslu Náttúrustofu Vestfjarða, var öflug starfsemi hjá stofunni á árinu 2018. Þá sýnir ársreikningur jákvæða niðurstöðu.

Miðað við forföll og leyfi starfsmanna og breytingar á rekstarumhverfi stofunnar, er þetta afar góður árangur, sem er að þakka ósérhlífni starfsmanna og þeim mannauði sem hjá stofunni er.

Verkefni Náttúrustofu Vestfjarða hafa jöfnum höndum verið grunnrannsóknir og verkefni sem stofan hefur tekið að sér í tengslum við framkvæmdir, einkum fyrir Vegagerðina og í sambandi við fiskeldi. Rannsóknir stofunnar spanna vítt svið, svo á sjá má í ársskýrslu.

Á síðastliðnum árum hefur margt breyst í starfsmannahaldi og umhverfi Náttúrustofunnar. Mannabreytingar hafa orðið hjá stofunni, þannig að þekking hefur farið og önnur komið í staðinn; vinna fyrir Vegagerðina mun líklega eitthvað dragast saman; laxeldið hefur haslað sér völl og mikil umræða er nú um hlýnun loftlags og rannsóknir á þeim breytingum sem það mun hafa á náttúruna.

Vegna þessara breytinga er mikilvægt fyrir Náttúrustofuna að endurskoða starfsemi sína. Endurskoða þarf framtíðarsýn stofunnar og tryggja fastar tekjur til lengri tíma til að standa undir ákveðinni kjarnastarfsemi. Vinna við útseld verkefni væru svo til viðbótar þessum föstu tekjum.

Í ofangreindu ljósi ákvað stjórn og starfsfólk Náttúrustofunnar að fara í rækilega stefnumótunarvinnu. Haldnir hafa verið tveir stefnumótunarfundir, annar með stjórn og varastjórn og hinn ásamt þeim með öllu starfsfólki. Stýrði Þorgeir Pálsson þessari vinnu.

Út úr báðum stefnumótunarfundunum komu ganglegar ábendingar og hugmyndir sem unnið verður frekar með. Þá gerði Þorgeir tillögur að um framhald vinnunnar allt til loka.

Til að kanna líðan og viðhorf starfsfólks var fenginn utanaðkomandi ráðgjafi. Úr vinnu ráðgjafans komu gagnlegar upplýsingar, m.a. hvatti hún stofuna til að halda áfram með stefnumótunarvinnu og skilgreina skýra framtíðarsýn.

Það er mat stjórnar að nauðsynlegt sé að ljúka vissum áfanga stefnumótunarinnar fyrir lok maí nú í vor, þannig að ekki verði farið inn í sumarið í of mikilli óvissu.

Það virðist augljóst að miðað við hljóðið í sveitarstjórnarfólki og atvinnulífinu eigi grunnstoðir Náttúrustofunnar að vera í umhverfisvöktun og fiskeldi. Ná þarf samningum til nokkurra ára á þessum sviðum. Stofan vinnur nú þegar að tveggja ára samningi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um umhverfisvöktun.

Ég vil hvetja sveitarstjórnarfólk til að koma með sínar hugmyndir um verkefni fyrir stofuna og taka höndum saman um að styrkja þessa stofnun. Notið krafta Náttúrustofu Vestfjarða til að vinna verkefni á sínu sviði. Munið að þótt ný störf séu eftirsóknarverð er enn nauðsynlegra að standa vörð um það sem við höfum.